



Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargata 3, 340 Stykkishólmur
stykkisholmur@stykkisholmur.is

Dagsetning 18.12.2025
Málsnúmer IRN25120113

Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2025/2026

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 1270/2025, um ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla, hefur innviðaráðherra allt að 3.465 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1333/2025, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2025/2026.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 1333/2025 um hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Í töflunni hér að neðan má sjá úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á fiskveiðiarinu 2025/2026 auk eftirstöðvar af úthlutun fyrra árs og samtals magn til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiarí:

Sveitarfélag	Byggðarlag	Úthlutun 2025/2026 (t)	Eftirstöðvar af úthlutun 2024/2025 (t)	Samtals til ráðstöfunar 2025/2026 (t)
Stykkishólmur	Stykkishólmur	50	0,833	50,833

Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt þannig að ráðuneytið geti beint því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í byggðarlagi/byggðarlögum innan viðkomandi sveitarfélags án tafar.

Ef sveitarstjórn óskar þess að leggja fram tillögur að sérreglum er gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur til 19. janúar n.k. Tillögur sveitarstjórna um sérstök skilyrði sem berast verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og eyðublað til útfyllingar vegna tillagna að sérreglum. Mælst er til þess tillögur og rökstuðningur verði sendur til ráðuneytisins á meðfylgjandi eyðublaði til þess að einfalda og flýta fyrir afgreiðslu.

Aðalsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd ráðherra,

Leifur Arnkell Skarphéðinsson